

## FUNDARGERÐ

Hluthafafundar Símans hf. fimmtdaginn 21. nóvember 2019, kl. 10:00

Haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 25, Reykjavík

### Dagskrá

1. Tillaga um að afturkalla umboð stjórnarmanna, sbr. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
2. Stjórnarkjör skv. grein 15.1 í samþykktum félagsins.
3. Staðfesting á ákvörðun aðalfundar dags. 21. mars 2019 varðandi stjórnarkjör og breytingar á viðauka við samþykktir.

Stjórnarformaður, Bertrand B. Kan, setti hluthafafund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans um að Pétur Guðmundarson, yrði skipaður fundarstjóri var samþykkt. Fóli stjórnarformaður skipuðum fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Óskar Hauksson yrði kjörin fundarritari, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu þann 24. október s.l. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. grein 10.3 í samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru. Mætt var á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem fóru með 7.222.714.258 hluti og samsvarandi athkvæðamagn eða 82,5467% af virku hlutafé.

Eftirtaldir aðilar voru mættir á fundinn til viðbótar við hlutafa. Stjórnmennirnir, Bertrand Kan, Bjarni Þorvarðarson, Sylvía Kristín Ólafsdóttir, frambjóðendur Jón Sigurðsson og Kolbeinn Árnason. Þá var formaður tilnefningarnarfndar mætt, Jensína K. Böðvarsdóttir.

Gengið var til dagskrár.

1. **Tillaga um að afturkalla umboð stjórnarmanna, sbr. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.**

Fundarstjóri bar upp tillögu um að afturkalla umboð stjórnar. Fundarstjóri greindi frá því að það hefði komið fram krafa frá hluthafa sem færði með meira en 1/20 hlutafjár um að efnt yrði til stjórnarkjörs. Þar sem kjörtímabili núverandi stjórnar var ekki lokið væri nauðsynlegt að hluthafar myndu kjósa um það hvort ætti að afturkalla umboð afturkalla umboð stjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ef tillagan yrði samþykkt þá yrði kosið um stjórn í samræmi við 2. dagskrálið en ef tillöggunni yrði hafnað yrði ekki gengið til kosningar um nýja stjórn og núverandi stjórn myndi starfa óbreytt áfram.

Gengið var til kosninga um tillöguna.

Hluthafar sem héldu á 7.222.714.258 hlutum greiddu atkvæði. Já sögðu 7.189.983.152, nei sögðu 31.806.164 og 924.942 voru ógild. Tillagan var því samþykkt með miklum meirihluta.

## 2. Stjórnarkjör skv. grein 15.1 í samþykktum félagsins.

Fundarstjóri greindi frá því að fram hefðu komið krafa um margfeldiskosningu frá hluthafa sem hefði meira en 1/10 hlutafjár og sú krafa hefði komið fram innan tilskilinna tímafræsta og væri metin löglega fram komin í samræmi við 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög sem og grein 15.6 í samþykktum Símans hf.

Fundarstjóri fjallaði um framkvæmd margfeldiskosningar og lagði áherslu á að seðlar sem tilgreindu fleiri atkvæði en viðkomandi hluthafi hefði yfir að ráða yrðu ógildir og brot úr atkvæði féllu niður ef atkvæðaseðlar væru fylltir út þannig að atkvæðum væri skipt með deilingu. Ennfremur áréttuði fundarstjóri að hlutfall hvors kyns yrði að vera 40% til þess að kosning yrði gild. Ef krafa um kynjahlutfall yrði ekki uppfyllt yrði kosning endurtekin, og ef ekki næðist niðurstaða þá yrði kosningu frestað til framhaldsaðalfundar. Þá benti hann á að ef ekki næðist að kjósa félaginu lögmaðta stjórn á fundinum sæti sú stjórn sem nú situr áfram eða þar til lögmaðt stjórn hefur verið kosin.

Fundarstjóri gaf hluthöfum kost á því að tjá sig um fyrirkomulag kosninga. Enginn tjáði sig um málið.

Fundarstjóri tók fram að skýrsla tilnefningarnefndar lægi fyrir og bauð fundarmönnum að tjá sig um skýrsluna eða leggja fram spurningar.

Einar Sigurðsson tók til máls um efni skýrslunnar. Hann beindi því til stjórnar að honum þætti óeðlilegt að stjórnarmaður sæti í tilnefningarnefnd en væri á sama tíma í kjöri til stjórnarsetu. Hann óskar þess að næsti aðalfundur breyti þessu og vill eingöngu óháða aðila í tilnefningarnefnd eða stjórnarmenn sem kjósa ekki að sitja ekki áfram.

Fundarstjóri kynnti þá aðila sem höfðu gefið kost á sér til stjórnarsetu.

Í framboði til stjórnar voru eftirtaldi aðilar:

- Bertrand Kan
- Bjarni Þorvarðarson
- Helga Valfells
- Jón Sigurðsson
- Kolbeinn Árnason
- Sylvía Kristín Ólafsdóttir

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að kynna sig stuttlega.

Jón Sigurðsson tók til máls og gerði grein fyrir ástæðu þess að Stoðir óskuðu eftir hluthafafundi og gerði grein fyrir eigin framboði til stjórnar.

Aðrir frambjóðendur tóku ekki til máls.

Fundarstjóri áréttuði hvort fundarmenn hefði spurningar um framkvæmd kosningar en enginn óskaði eftir því.

Að loknu hléi kynnti fundarstjóri eftirfarandi niðurstöður úr kjöri stjórnar:

Í atkvæðagreiðslunni voru greidd 36.055.454.000 atkvæði og fóllu þau þannig:

- |                          |                             |
|--------------------------|-----------------------------|
| 1. Jón Sigurðsson        | með 9.924.239.325 atkvæði – |
| 2. Bjarni Þorvarðarson   | með 7.398.033.227 atkvæði – |
| 3. Kolbeinn Árnason      | með 5.875.838.505 atkvæði – |
| 4. Bertrand Kan          | með 4.624.737.930 atkvæði – |
| 5. Sylvía K. Ólafsdóttir | með 4.600.756.492 atkvæði – |
| 6. Helga Valfells        | með 3.631.848.521 atkvæði - |

Vegna laga um kynjakvóta er niðurstaða kosningar ógild. Var kosningin því endurtekin í samkvæmt ákvæðum í grein 15.2 í samþykktum félagsins.

Kosið var aftur og í atkvæðagreiðslunni voru greidd 36.055.453.998 atkvæði og fóllu þau þannig:

- |                          |                             |
|--------------------------|-----------------------------|
| 1. Jón Sigurðsson        | með 8.038.537.770 atkvæði – |
| 2. Bjarni Þorvarðarson   | með 6.863.296.305 atkvæði – |
| 3. Sylvía K. Ólafsdóttir | með 5.786.784.340 atkvæði – |
| 4. Helga Valfells        | með 5.382.097.897 atkvæði – |
| 5. Kolbeinn Árnason      | með 5.360.230.992 atkvæði – |
| 6. Bertrand Kan          | með 4.624.506.694 atkvæði – |

Þeir fimm aðilar sem flest atkvæði fengu teljast réttkjörnir til stjórnarsetu í Símanum hf. til næsta aðalfundar.

**3. Staðfesting á ákvörðun aðalfundar dags. 21. mars 2019 varðandi stjórnarkjör og breytingar á viðauka við samþykktir.**

Meðan beðið eftir talingu undir lið 1. Bar Fundarstjóri fram neðangreinda tillögu sem fóll í sér að hluthafar staðfesti ákvörðun aðalfundar frá 21. mars 2019 varðandi stjórnarkjör og breytingar á viðauka við samþykktir. Um væri að ræða formsatriði þar sem tilkynning um ákvörðunina hefði borist hlutafélagaskrá of seint og til þess að ákvörðunin yrði skráð réttilega í hlutafélagaskrá þyrfti hluthafafundur að staðfesta ákvörðunina að nýju.

Um var að ræða ákvörðun um stjórn sem var sjálfkörin á aðalfundi 21. mars 2019:

- Bertrand Kan
- Bjarni Þorvarðarson
- Helga Valfells
- Ksenia Nekrasova
- Sylvía Kristín Ólafsdóttir

Ennfremur var um að ræða ákvörðun um að viðauki við samþykktir félagsins yrðu svohljóðandi:

„Aðalfundur Símans hf. haldinn þann 21. mars 2019 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 925.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“


Framangreindar ákvarðanir aðalfundar 21. mars 2019 voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum sem farið er með á fundinum.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundargerð upplesin. Engar athugasemdir bárust og var fundi slitið kl. 12:00.



Pétur Guðmundarson  
Fundarstjóri



Óskar Hauksson  
Fundarritari